

Góðan dag,

Eftirfarandi var bókað á 97. fundi sveitarstjórnar Norðurþings um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál.;

„Norðurþing vill koma á framfæri athugasemd við ofangreint frumvarp. Sveitarstjórn telur mikilvægt að fjárhagslega verði stutt við sameiningar sveitarfélaga, en að sá fjárhagslegi stuðningur verði að fjármagna með sérstöku framlagi úr ríkissjóði sem ekki skerði getu Jöfnunarsjóðs til að standa undir sínu almenna hlutverki. Því tekur Norðurþing undir umsögn Akureyrarbæjar og fleiri með að það sé með öllu óforsvaranlegt að ríkið ætli ekki að koma að fjármögnun sameininganna beint, vegna þess nýja verkefnis, sem sjóðnum er ætlað að styðja. Verði ekki af sérstöku framlagi ríkisins er verið að skerða framlög Jöfnunarsjóðs sem ætlað er að jafna aðstöðu sveitarfélaga með tekju- og útgjaldajöfnunarframlagi. Líkt og Akureyrarbær hefur bent á hefur þetta í för með sér að þau sveitarfélög sem ekki munu sameinast verða ekki aðeins af tekjum heldur er þeim gert að greiða fyrir sameiningu annarra sveitarfélaga.“

Þetta tilkynnist hér með.

Með góðri kveðju,

Bergþóra Höskuldsdóttir
Skrifstofu- og skjalastjóri
Stjórnsýsluhúsi Norðurþings
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík